



Eyjafjarðarbraut vestri – um Hrafnagil

Kynningarskýrsla

Hönnunardeild og Tæknideild Norðursvæðis – mars 2021

Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar

Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitsgerðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsinga	

Loftmynd á forsiðu frá Loftmyndum ehf.

Hönnunardeild og Tæknideild Norðursvæðis - mars 2021



Efnisyfirlit

FORMÁLI.....	1
1. YFIRLIT	2
1.1. ALMENNT	2
1.2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR	2
1.3. MATSSKYLDA	2
1.4. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR.....	3
1.5. RANNSÓKNIR	3
1.6. STAÐA SKIPULAGS	3
1.7. VERNDARSVÆÐI	6
1.8. LEYFISVEITENDUR	6
2. STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI.....	8
2.1. STAÐHÆTTIR	8
2.1.1. Eyjafjarðará, vatnafar.....	9
2.2. NÚVERANDI VEGUR	9
2.3. SAMGÖNGUR OG UMFERÐARÖRYGGI	10
3. KOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING.....	12
3.1. KOSTIR	12
3.2. FRAMKVÆMDALÝSING	13
3.2.1. Nýr vegur.....	13
3.2.2. Efnisþörf og efnistaka.....	14
3.2.3. Ræsi.....	17
3.3. FRÁGANGUR	17
3.3.1. Núverandi vegur.....	17
3.3.2. Röskuð svæði.....	18
3.4. VINNUBÚÐIR OG AÐSTAÐA VERKTAKA	18
3.5. MANNAFLAÐPÖRF	18
3.6. FRAMKVÆMDATÍMI OG KOSTNAÐUR	18
3.7. REKSTUR	18
4. UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR.....	20
4.1. ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM.....	20
4.1.1. Vegagerð	20
4.1.2. Efnistaka.....	20
5. MÖGULEG UMHVERFISÁHRIF.....	22
5.1. LANDNOTKUN.....	22
5.2. LANDSLAG.....	22
5.3. JARÐMYNDANIR OG VATNAFAR	23
5.4. GRÓÐURFAR	24
5.5. DÝRALÍF	24
5.6. MENNINGARMINJAR	25
5.7. VEÐUR OG NÁTTÚRUVÁ.....	25
6. MÓTVÆGISAÐGERÐIR.....	26
6.1. SAMRÁÐSAÐILAR.....	26
7. NIÐURSTAÐA	27

Formáli

Vegagerðin kynnir hér fyrirhugaðar framkvæmdir við nýjan kafla Eyjafjarðarbrautar vestri (vegnúmer 821-02) um Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit. Til stendur að færa umferðina, sem nú liggur um þéttbýli Hrafnagilshverfis, út og niður fyrir hverfið. Fyrirhuguð framkvæmd er um 3,1 km löng. Framkvæmdin er á Samgönguáætlun árið 2021.

Framkvæmdin er ekki matsskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 með síðari breytingum, en kanna þarf matsskyldu hennar, skv. 6. gr. sömu laga, 1. viðauka. Lið 10.09.

1. Yfirlit

1.1. Almennt

Gert er ráð fyrir að færa Eyjafjarðarbraut vestri (821-02) austur fyrir Hrafnagilshverfi nær árbakka Eyjafjarðarár. Um er að ræða fyrri áfanga færslu samkvæmt samþykktu aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar. Síðari áfangi felur í sér færslu Eyjafjarðarbrautar austur að árbakka Eyjafjarðarár suður fyrir Stokkahláðir.

Nýbygging stofnvegur fyrir áfanga verður um 3,1 km löng auk samtals 0,5 km tenginga inn í þéttbýli og að býlum sjá teikningu 1, *B-02 Yfirlitsmynd* og teikningar 2 og 3 *D-01 og D02 Grunnmynd*. Heildarlengd fyrri og síðari áfanga er 4,2 km en um 0,5 km af fyrri áfanga sem nú er til kynningar er bráðabirgðatenging á milli fyrsta áfanga og núverandi Eyjafjarðarbrautar. Bráðabirgðatenging nær suður fyrir heimreið að Hranastöðum og Botni.

Núverandi vegur um Hrafnagil verður tengdur nýjum vegi á tveimur stöðum, annars vegar með 0,1 km langri tengingu nyrst í hverfinu, og hins vegar með 0,2 km langri tengingu fyrir mitt hverfi, um Bakkatröð. Báðar tengingar verða þjóðvegir á vegaskrá, sú nyrðri tengivegur og syðri stofnvegur. Báðar tengingar enda sem þjóðvegir við fyrstu þvergötu í þéttbýli þar sem tekur við sveitarfélagsvegur. Ekki er gert ráð fyrir tengingu inn í hverfið að sunnanverðu.

Meðfram 1,9 km af nýbyggingu Eyjafjarðarbrautar er gert ráð fyrir rofvörn á bökkum Eyjafjarðarár. Sami kafli verður varinn með vegriði auk þess sem vegrið verður milli vegar og íþróttasvæðis vestan vegarins. Reyká verður sett í tvöfalt stálræsi, um 56 m langt hvort, undir nýja Eyjafjarðarbraut.

Áætluð efnisþörf nýs vegar er um 148 þús. m³ og er efnistaka að mestu fyrirhuguð úr premur námum í og í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdsvæðis.

Fyrri áfangi framkvæmdarinnar er með fjárveitingu á Samgönguáætlun árið 2021 og áætlað Vegagerðin að framkvæmdir geti hafist sumarið 2021 og að hægt verði að taka mannvirkið í notkun haustið 2022. Engin fjárveiting er til síðari áfanga framkvæmdarinnar á gildandi Samgönguáætlun.

1.2. Markmið framkvæmdar

Markmið framkvæmdarinnar eru að bæta samgöngur á svæðinu. Með nýjum vegi neðan þéttbýlisins á Hrafnagili mun umferðaröryggi aukast til muna og umferð um svæðið verða greiðari en hún er nú.

1.3. Matsskylda

Framkvæmdin er ekki matsskyld samkvæmt 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 en kanna þarf matsskyldu hennar skv. 6. gr. laganna, viðauka 1, lið 10.09.:

„Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.“

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við hagsmunaaðila.

1.4. Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði nýs vegar og efnistöku hefur áhrif á jarðirnar Kropp, Grísará, Hrafnagilsland og Hrafnagil. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, vegna bættra og öruggari samgangna, nær til allra sem leið eiga um Hrafnagil og Eyjafjarðarsveit að vestanverðu, innan við Hrafnagil.

Framkvæmdin afmarkast af byggingu vegar, vegtenginga, auk nauðsynlegrar efnistöku. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer undir vegagerð er á stuttum kafla neðan við Hrafnagilshverfið, meðfram Eyjafjarðará. Almennt er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í útboðsgögnum. Rekstur mannvirkisins og viðhald tekur við eftir að framkvæmd lýkur.

Veghelgunarsvæði Eyjafjarðarbrautar vestri, sem er stofnvegur norðan Miðbrautar, er 60 m breitt og nær 30 m frá miðlínu vegar til hvorrar handar. Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar liggur að mestu á nýju vegstæði. Nýr vegur verður að mestu lagður á fyllingu og verður að jafnaði um 20-25 m breitt.

1.5. Rannsóknir

Eftirtalдар rannsóknir hafa verið framkvæmdar, liggja fyrir eða eru í vinnslu við undirbúning framkvæmdarinnar:

- Álit fiskifræðings á mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki Eyjafjarðarár liggur fyrir, sjá fylgiskjal 1.
- Framkvæmd var vatnafarsgreining fyrir Reykú. Stuðst var við greininguna við mat á stærð ræsa fyrir Reykú, sjá fylgiskjal 2.
- Í vinnslu er samantekt á greiningu fyrir vatnafar Eyjafjarðarár sem stuðst verður við við endanlega ákvörðun á hæðarkóta vegar/rofvarnar. Greingargerðin mun fá heitið fylgiskjal 3.
- Framkvæmdar hafa verið efnisrannsóknir í veglínu nýs vegar og í fyrirhuguðum efnistökusvæðum. Jarðtækniskýrslu má finna í fylgiskjali 4.
- Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna og þversniðsmælt hana og drónamælt stærra svæði
- Fornleifaskráning fór fram á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og liggur sú skráning fyrir, sjá fylgiskjal 5. Engar minjar eru skráðar á framkvæmdasvæðinu og minjavörður gerir ekki athugasemd við framkvæmdina, sjá fylgiskjal 6.
- Mat á umferðarhávaða frá nýjum stofnvegi, sjá fylgiskjal 7.


Ekki er talin þörf á öðrum rannsóknum vegna fyrirhugaðrar vegagerðar.

1.6. Staða skipulags

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 var staðfest þann 24. janúar 2019. Í greinargerð aðalskipulagsins, í kafla 7 um stefnumörkun í samgöngum, kemur fram að gert sé ráð fyrir að Eyjafjarðarbraut vestri færist austur fyrir Hrafnagilshverfi og verði

meðfram Eyjafjarðará. Núverandi stofnbraut verður skilgreind sem húsagata í þéttbýli. Þá kemur einnig fram (bls. 15) að með færslu Eyjafjarðarbrautar vestri að bakka Eyjafjarðarár mun hverfið verða heilsteyptara en það er nú auk þess sem umferðaröryggi muni aukast með lækkun umferðarhraða í gegnum hverfið.

Á sérupprætti með Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar, af byggð og byggðakjörnum í Eyjafjarðarsveit, er lega Eyjafjarðarbrautar vestri sýnd samkvæmt umfjöllun í greinargerð aðalskipulagsins, sjá mynd 1.



Mynd 1 Uppdráttur úr Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 (Landslag, 2019)

Í umhverfisskýrslu með Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 kemur fram að færsla þjóðvegarins er talin styrkja byggðina í Hrafnargilshverfi. Þá er færsla vegarins ekki talin hafa áhrif á verndarsvæði þar sem fyrirhugað vegstæði er ekki á verndarsvæði. Áhrif á minjar eru óveruleg þar sem engar skráðar minjar eru innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs vegstæðis. Þá mun framkvæmdin hafa óveruleg eða óviss áhrif á náttúrufarslega þætti en þjóðvegurinn mun liggja meðfram árbakka og ekki skerða gróðurfar eða landslag en áhrif á dýralíf árinna og sjónræn áhrif teljast óviss og fara eftir útfærslu.

Færsla þjóðvegarins er talin hafa mjög jákvæð áhrif á umferðaröryggi þar sem í stað stofnbrautar með mikilli umferð í gegnum íbúðarhverfi kemur íbúðargata með mun minni og hægari umferð. Þar sem stofnbrautin færir fjær íbúðarbyggð með minni hávaðamengun inni í íbúðarhverfi eru áhrifin á heilsu talin jákvæð.

Niðurstaðan er sú að færsla Eyjafjarðarbrautar er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag og heilsu og öryggi en sjónræn áhrif og áhrif á dýralíf eru talin óljós.

Tafla 1. Niðurstaða umhverfismats Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 á færslu Eyjafjarðarbrautar vestri úr þéttbýlinu í Hrafnagilshverfi. Skýringar á táknum í töflu má sjá neðan hennar (Landslag, 2019)

Umhverfisþættir	Verndun góðs landbúnaðarlands		Minnkun landbúnaðarlands		Núllkostur
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+		-		0
Verndarsvæði og minjar	0		0		0
Náttúrufarslegir þættir	+	0	-	0	0
Heilsa og öryggi	0		0		0
Niðurstaða	+	0	-	0	0

Skýringar:

- **(+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.**
 - Stefna aðalskipulagsins styður viðmið viðkomandi umhverfisþáttar.
- **(0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.**
 - Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
- **(-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.**
 - Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþáttar.
- **(?) Óviss áhrif á umhverfisþátt.**
 - Stefna aðalskipulagsins hefur óviss áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.

Unnið er að endurskoðun á deiliskipulagi Hrafnagilshverfis (áður Reykárhverfis) frá árinu 2013 ásamt breytingu á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030, m.a. vegna vegtenginga inn í Hrafnagilshverfi og efnistökusvæða vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Markmiðið með endurskoðuninni er að samræma þær skipulagsáætlanir sem gerðar hafa verið fyrir Hrafnagilshverfi og móta stefnu um frekari þróun byggðarinnar. Með því að færa Eyjafjarðarbraut vestri út fyrir hverfi opnist möguleikar til uppbyggingar sem ekki hafi legið fyrir áður.

Í tillögu á breytingu á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem er nú í auglýsingu er tekið á breytingu á vegtengingum inn í þéttbýli Hrafnagils, nýrra efnistökusvæða fyrir framkvæmdina auk rýmri tímaramma til efnistöku úr Eyjafjarðará.



Mynd 2 Úr tillögu að breytingu á ask. dags. 30. október 2020

Meðfram núverandi Eyjafjarðarbraut vestri um Hrafnagil er hjóla- og göngustígur og meðfram nýrri Eyjafjarðarbraut er stofnreiðleið að Miðbraut.

1.7. Verndarsvæði

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur hvergi innan verndarsvæða.

1.8. Leyfisveitendur

Fyrirhuguð framkvæmd og efnistaka henni samfara, eru háð eftirfarandi leyfum:

1. Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdin skal vera í samræmi við Eyjafjarðarsveitar 2010-2030.
2. Öll efnistaka er háð lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð. Þar kemur fram í 8. gr. að öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr sjávarbotni innan netalaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. skipulagslög, nr. 123/2010.
3. Framkvæmdin er háð starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitir vegna vinnubúða og starfssemi sem fylgir efnistöku. Í gildi er reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða atvinnu-rekstur sem getur haft í för með sér mengun, eins og vinnslu jarðefna, vinnubúðir, farandsalerni og -eldhús, aðstöðu fyrir olíuskipti o.fl.
4. Um tímabundna mannvirkjagerð eins og vinnubúðir gilda ýmsar reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustað.

5. Samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018, 13. gr. skal við hvers kyns leyfisskyldar framkvæmdir sem geta haft áhrif á gróður og jarðveg sýna sérstaka aðgát til að lágmarka rask og leitast við að endurheimta vistkerfi sem verða fyrir raski. Í 18. gr. kemur fram að ekki má ráðast í varnaraðgerðir til að koma í veg fyrir landbrot nema í samráði við Landgræðsluna.
6. Samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 eins og þeim var breytt með lögum nr. 132/2011 þarf leyfi Orkustofnunar vegna framkvæmda sem tengjast vatni og vatnafari. Undanþegnar eru allar framkvæmdir sem skylt er að tilkynna til Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði en Fiskistofa sér um miðlun upplýsinga til Orkustofnunar.
7. Leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungaveiði nr. 61/2006

2. Staðhættir á framkvæmdasvæði

2.1. Staðhættir

Eyjafjarðarsveit liggur inn af Eyjafirði og er heildarlengd sveitarfélagsins frá norðri til suðurs um 100 km. Norðurmörk að vestan ná að bæjarlandi Akureyrar en að Svalbarðsstrandarhreppi að austan. Vesturmörk liggja að Skagafjarðarsýslu, austurmörk að Þingeyjarsveit og suðurmörk sveitarfélagsins ná inn á Sprengissand við að sveitarfélagamörkum við Árnæsýslu og Rangárvallasýslu.

Eyjafjarðarsveit er landbúnaðarhérað og er landbúnaður mikilvægasta atvinnugreinin. Sauðfjárbúskapur hefur þó dregist saman og mjólkurframleiðendum fækkað en búin hafa að sama skapi stækkað. Stór hluti annarra atvinnugreina í sveitarfélaginu byggist á landbúnaði og þjónustu auk þess sem nokkur hluti íbúa sækir vinnu til Akureyrar. Stærsti vinnustaður sveitarfélagsins er Hrafnagilsskóli en einnig er nokkur fjöldi lítilla fyrirtækja í eigu einstaklinga og félaga.



Mynd 3 Eyjafjarðarsveit afmörkuð rauð á Íslandskorti

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er inn af Eyjafirði, í norðanverðri Eyjafjarðarsveit við Eyjafjörð og liggur um flatendi á vesturbakka Eyjafjarðarár í jaðri Hrafnagilshverfis.


Hrafnagilshverfi er eini þéttbýliskjarninn í Eyjafjarðarsveit og staðsett um 12 km sunnan við miðbæ Akureyrar. Á Hrafnagili er að finna alla grunnþjónustu s.s. sveitarstjórnarskrifstofur, leik- og grunnskóla, tónlistarskóla, íþróttahús, sundlaug og félagsheimili. Verslun og önnur þjónusta er sótt til Akureyrar.

Þann 1. janúar 2020 bjuggu 1.077 íbúar í Eyjafjarðarsveit, þar af 296 í Hrafnagilshverfi. Íbúum í Hrafnagilshverfi hefur fjölgað jafnt og þétt og byggðin teygst sig austur fyrir núverandi Eyjafjarðarbraut vestri. Eyjafjarðarbraut vestri liggur endilangt í gegnum þéttbýlið í Hrafnagilshverfi og klýfur grunnskólann, sundlaugina og íþróttahúsið frá íbúðabyggðinni vestan brautarinnar. Meðfram veginum að vestanverðu er göngu- og hjóltreðastígur sem tengist norður til Akureyrar.

Ofan byggðarinnar er skógrækt sem kallast Aldísarlundur og nær í dag yfir 13 ha svæði. Aldísarlundur hefur mikið útivistargildi með stígum, rjóðrum og grillstæði og hefur Hrafnagilsskóli útbúið sér útikennslustofu í lundinum.

Eyjafjarðará, góð veiðiá, streymir framhjá byggðinni lygn og vatnsmikil en getur flætt yfir aðliggjandi flatlendi í vorleysingum. Eyjafjarðará er dragá og vatnsmest áa í Eyjafirði og mjög áberandi í landslagi sveitarinnar. Hún á upptök syðst í Eyjafjarðardal, þar sem koma saman lækir og ár úr fjöllum í kring, og rennur norður eftir dalnum og í sjó í botni Eyjafjarðar við Akureyrarflugvöll.

Reyká rennur úr hlíðinni ofan við byggðina sunnanverða í Eyjafjarðará. Grísará er vatnsminni og litlu norðar. Hún rennur í gegnum Jólagarðinn og fer um skurð í Eyjafjarðará ofan byggðarinnar.



Mynd 4 Horft til vesturs yfir Hrafnagilshverfi Teiknistofa Arkitekta, 2020)

Við suðurmörk Hrafnagilshverfisins liggur Miðbraut (823) til austurs, á einbreiðri brú yfir Eyjafjarðará, og að Eyjafjarðarbrautar eystri (829) við Laugaland.

Skammt norðan Hrafnagilshverfis er Kristnesporp sem er íbúðakjarni og endurhæfingar- og öldrunarlækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri; Kristnesspítali.

2.1.1. Eyjafjarðará, vatnafar

Eyjafjarðará á upptök á jaðri hálendisins sunnan Eyjafjarðar og í fjalllendinu umhverfis Eyjafjarðardal. Áin er dragá með 1.300 km² vatnasvið og rennur út Eyjafjarðardal um 70 km vegalengd að ósi í Pollinum á Eyjafirði. Hún er fiskgeng um 60 km allt fram að Brúsahvammi í 450 metra hæð yfir sjávarmáli. Í ánnu renna margar þverár og eru þær samtals fiskgengar um 24 km. Áin er vatnsmest í lok júní og byrjun júlí – þótt stundum dragist sumarflóðin allt fram í ágúst. Sjá fylgiskjal 3 (í vinnslu, verður bætt við gögn)

Veiðifélag er um ána. Veiði í öllum þverám Eyjafjarðar er óheimil.

2.2. Núverandi vegur

Eyjafjarðarbraut vestri (821) liggur fá flugstöðinni á Akureyri til suðurs inn Eyjafjörð að vestanverðu og að Halldórsstaðavegi (8374-01), um 43 km langa leið. Fyrstu 11,4 km milli flugstöðvarinnar og Miðbrautar við Hrafnagil er vegurinn í flokki stofnvega en frá Miðbraut suður að Halldórsstöðum, um 21,2 km langa leið, flokkast vegurinn sem tengivegur.

Núverandi Eyjafjarðarbraut vestri sem hér er lýst liggur frá landi Kropps norðan Hrafnagilshverfis til suðurs að Hrafnagilshverfi. Ræktað land er neðan vegarins. Skammt frá þéttbýlismörkum er leyfður hámarkhraði færður úr 90 km/klst í 70 km/klst og við þéttbýlishlið er leyfður hámarkshraði 50 km/klst.

Fjölmargar tengingar liggja út frá veginum á þessum stutta kafla sem hann liggur í gegnum þéttbýlið, m.a. að Jólagarðinum



Mynd 5 Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil (ljósmynd: Sóley Jónasdóttir, 2020).

Vegbreidd núverandi vegar er 7,5 m norðan Hrafnagils með 6,8 m breiðu slitlagi en 6,5 m sunnan Hrafnagils með 5,5 m breiðu slitlagi.

2.3. Samgöngur og umferðaröryggi

Umferð um Eyjafjarðarbraut var eftirfarandi árið 2019:

- **Kaflí 821-02**, Kristnesvegur-Miðbraut
 - ÁDU¹ 1670
 - SDU² 1960
 - VDU³ 1410
- **Kaflí 821-03**, Miðbraut-Finnastaðavegur
 - ÁDU¹ 590
 - SDU² 760
 - VDU³ 440


Samkvæmt upplýsingum úr kortasjá Vegagerðarinnar eru 3 slys skráð á þjóðvegum á vegkaflanum á árunum 2015-2020. Innan þéttbýlisins var eitt óhapp við aftanákeyrslu án meiðsla á fólki og eitt slys þar sem hjólréiðamaður féll af hjóli og hlaut minniháttar meiðsl. Utan þéttbýlisins er eitt skráð banaslys við heimreið að Hranastöðum.

¹ ÁDU: Árdagsumferð, meðalumferð á dag yfir allt árið

² SDU: Sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september

³ VDU: Vetrardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember

Á mynd 6 sést staðsetning slysanna og flokkun þeirra.



Mynd 6 Slys á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á árunum 2015-2020 (loftmynd: Loftmyndir ehf.).

Gerð var greining á hljóðstigi vegna umferðar við íbúðabyggð austast í Hrafnagilshverfi. Miðað var við 2% árlegan vöxt umferðar til ársins 2040 og hámarkshraða 70 km/klst. Lagt var mat á lágmarksfjarlægð vegar frá húsvegg til þess að uppfylla viðmiðunargildi reglugerðar um hávaða nr.724/2008 um frígildisljóðstig 55 dB(A) án þess að gripið sé til sérstakra ráðstafana til þess að verjast umferðarhávaða. Lágmarksfjarlægðin þarf að vera 35 m sunnan Bakkatraðar og 62 m norðan Bakkatraðar. Minnsta fjarlægð miðlínu vegar frá byggingarreit á deiliskipulagi skv. fyrirhuguðum áformum er 83 m. Sjá mynd 7.

Áhrif á samgöngur, umferðaröryggi og samfélag.

Umferð um svæðið mun raskast lítið á meðan framkvæmdum stendur þar sem stærsti hluti nýbyggingar er utan núverandi vega. Búast má við tímabundinni truflun á meðan nýr vegur verður tengdur núverandi ásamt framkvæmdum á fyrirhuguðu vegamótasvæði Miðbrautar og Eyjafjarðarbrautar vestri.

Þá gætu efnisflutningar úr klapparnámum til rofvarnar haft áhrif á umferð á um 3-7 km kafla Eyjafjarðarbautar vestri norðan Hrafnagilshverfis auk efnisflutninga á um 0,5 km kafla Miðbrautar á milli Munkapverárnamu og framkvæmdasvæðis.

Jákvæð umhverfisáhrif að loknum framkvæmdum eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þegar gegnumakstursumferð hefur verið færð út fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis.

Bráðabirgðatenging nýrrar og núverandi Eyjafjarðarbrautar nær suður fyrir heimreið að Hranastöðum þar sem banaslys átti sér stað árið 2017. Tengingar að Hrafnagilsbýli og Hranastöðum verða sameinaðar í eina tengingu við Eyjafjarðarbraut. Í fækkun tenginga við þjóðveg felst mikið öryggi auk færslu heimreiðar að Hranastöðum sem mætir núv. Eyjafjarðarbraut í miklum langhalla og undir vondu horni.


Eyfjarðarsveit er fyrst og fremst landbúnaðarhérað en ferðaþjónusta er í miklum vexti og hefur vinnusóknarsvæði Eyjafjarðar stækkað svo algengt er að íbúar Eyjafjarðarsveitar sækji vinnu til Akureyrar og öfugt.

3. Kostir og framkvæmdalýsing

3.1. Kostir


Framkvæmdaáformin taka mið af staðfestu aðalskipulagi.

Á frumstigi hönnunar var gerð tillaga að minniháttar hliðrun veglínu fyrir neðan Bakkatröð (rauð lína á mynd 7). Hliðrun fól í sér færslu mest um 47 m fjær árfarvegi samanborið við upphafleg drög að veglínu. Var þetta gert til þess að hafa sem minnst áhrif á núverandi farveg árinna og minnka líkur á því að vegur þrengdi að farvegi sem gæti aukið líkur á bakkarofi austan ár. Færslan minnkaði auk þess þörf fyrir efnistöku úr Eyjafjarðará þar sem núverandi landfylling nýttist betur. Gengið var úr skugga um að færsla nær íbúðabyggð ógnaði ekki mörkum fyrir hávaða frá umferð og færslan var samþykkt í samráði við sveitarfélag sem minniháttar frávik frá skipulagslínu sem krafðist ekki breytingar á skipulagi.



Mynd 7 Tveir veglínukostir skoðaðir fyrir neðan Reykárhverfi/Bakkatröð. (Loftmynd: Loftmyndir ehf).

Þar sem framkvæmdinni er áfangaskipt voru skoðaðir fjórir kostir til bráðabirgðatengingar á milli fyrri og seinni áfanga færslu Eyjafjarðarbrautar vestri frá Kroppi suður fyrir Stokkahlaðir.



Mynd 8 Skoðun á mismunandi kostum til tengingar á milli fyrri og síðari áfanga.

Kostur 4 er kynntur sem fyrirhuguð framkvæmdaáform. Við mat á kostum vógu þýngst umferðaröryggissjónarmið og lágmörkun á raski ræktaðs lands sem nýr vegur klýfur. Kostur 4 gefur möguleika á að sameina heimreiðar að Hrafnagilsjörð, Hranastöðum og Botni og tengja þær um eina örugga tengingu við nýjan veg. Kostur 1 sem felur í sér tvær 90° beygjur á Eyjafjarðarbraut vestri til suðurs kom ekki til greina af umferðaröryggisástæðum. Kostir 2 og 3 mættu miklu mótlæti á meðal landeigenda vegna skertrar nýtingar á túnum.

3.2. Framkvæmdalýsing


3.2.1. Nýr vegur

Nýr vegur er af vegtegund C8, þ.e. 8 m breiður vegur með tveim 3,5 m breiðum akbrautum og 0,5 m breiðum öxlum hvoru megin. Breidd slitlags er 7,8 m. Hönnunarhraði nýs vegar verður 90 km/klst, en skiltaður hámarkshraði verður 70 km/klst framhjá þéttbýlinu. Halli vegfláa verður 1:3.

Nýbygging stofnvegjar fyrri áfanga verður um 3,1 km löng auk samtals 0,5 km tenginga inn í þéttbýli og að býlum sjá teikningar 1-3. Upphafsstöð framkvæmda er 2100 í landi Kropps og endastöð er í st. 5210 í landi Botns, sunnan núverandi heimreiðar að Hranastöðum og Botni.

Þar sem vegurinn stendur nærri árbakka Eyjafjarðarár verður byggð rofvörn meðfram 1,9 km af nýjum vegi. Einnig er gert ráð fyrir vegriði meðfram 2,1 km af nýjum vegi til þess að verja vegfarendur fyrir útafakstri út í Eyjafjarðará og verja ána fyrir mögulegum mengunaróhöppum tengdum útafakstri.

Mynd 9 sýnir kennisnið vegar með rofvörn og vegriði.



Mynd 9 Kennisnið vegar

Vegamót nýrrar og núverandi Eyjafjarðarbrautar vestri verða staðsett í st. 2600, skammt norðan við Jólagarðinn. Vegamót nýrrar Eyjafjarðarbrautar vestri og Bakkatraðar verða staðsett í st. 3265. Nyrðri vegamót verða útfærð sem einföld T-vegamót með bungu/framúrakstursrein til hægri. Syðri tengingin, við Bakkatröð, verður annað hvort útfærð sem einföld T-vegamót með bungu/framúrakstursrein til hægri eða sem stefnugreind vegamót með vinstri beygjuvasa úr suðri. Gert er ráð fyrir meiri umferð úr suðri um tengingu við Bakkatröð að skóla og þjónustu í þéttbýli Hrafnagilshverfis en meiri umferð úr norðri um nyrðri tengingu að ferðamannastaðnum Jólagarðinum. Vegamót nýrrar Eyjafjarðarbrautar vestri og Miðbrautar verða staðsett í st. 4015 og verða útfærð sem einföld T-vegamót með bungu/framúrakstursrein til hægri.

Rofvörn verður útfærð sem grjótkápa utan á vegfyllingu og verður toppur rofvarnar í sömu hæð og yfirborð vegar eða lægri.

Þar sem gert er ráð fyrir reiðleið vestan nýrrar Eyjafjarðarbrautar vestri suður að Miðbraut á gildandi aðalskipulagi verða ræsi yfir Reykú lengd út, til vesturs fyrir framtíðar reiðleið. -Til skoðunar er sá möguleiki að koma fyrir undirgöngum fyrir óvarða vegfarendur, undir nýjan veg, við stöð 4050.

Svæði undir Eyjafjarðarbraut, nýjar tengingar, heimreiðar, vegamót og veg í bráðabirgðalegu frá Miðbraut suður fyrir Hranastaði er þegar raskað með byggð eða landbúnaði.

3.2.2. Efnispörf og efnistaka

Efnistaka er fyrirhuguð úr:


- Fyllingar- og fláafleygaefni úr áreyrum Eyjafjarðarar, svæði E24a-Neðan Hrafnagilshverfis, E14-Munkaþverá við Eyjafjarðará eru á gildandi skipulagi og svæði E33-Kroppur er á skipulagi í breytingarferli.
- Styrktarlag og burðarlag úr Munkaþverárnámu, svæði E12-Munkaþveráreyrar á gildandi skipulagi.
- Klæðingarefni úr námu utan framkvæmdasvæðis (útvegað af verktaka)
- Rofvarnargrjót úr klapparskeringu neðan Reykhúsa, svæði E34-Reykhús á skipulagi í breytingarferli, eða klapparnámu við Hvamm, svæði E26 á gildandi skipulagi.

Áætluð efnispörf í framkvæmdina er um 148.000 m³. Þar af þarf um 99.000 m³ af efni í fyllingar- og fláafleyga, um 25.500 m³ af efni í burðar- og styrktarlag og um 1.000 m³ af steinefni í bundið slitlag.

Tafla 2. Áætluð efnispörf.

	Magn í m ³
Klæðing	1.000
Burðarlag	6.500
Styrktarlag	19.000
Fyllingar og fláafleygar	99.000
Grjótvörn	22.500
Samtals	148.000
Skeringar	3.500
Efni úr námum	144.500

Á teikningu 4 og mynd 10 má sjá staðsetningu fyrirhugaðra náma.



Mynd 10 Fyrirhugaðar námur

Náma A – Eyjafjarðará við Hrafnagil

Efnistökusvæði E24a og E33 eru á ógrónum eða lítt grónum áreyrum í landi Kropps, Grísarár og Hrafnagilshverfis.

Áreyrarnar eru að hluta til undir vatni og þarf efnistaka því að fara fram utan mestu leysinga í áni. Við umsókn um framkvæmdaleyfi og í umsókn um leyfi til framkvæmda til Fiskistofu verður sótt um leyfi til að taka 60 þús. m³. Ákvæði í gildandi skipulagi gera ráð fyrir að efnistaka úr áreyrum sé að hámarki 50 þús. m³ á hverju tveggja ára tímabili. Sóst er eftir undanþágu frá þeirri heimild til byggingar Eyjafjarðarbrautar vestri sem má tryggja endurheimt með takmörkun á efnistöku árin eftir að framkvæmdinni lýkur. Mikill umhverfislegur og hagrænn ávinningur er fólgin í því að geta nýtt efnistökusvæði svo nærri framkvæmdasvæði. Efnistökuáform hafa verið unnin í samráði við sveitarfélag, veiðifélag og fiskifræðing. Efnistökusvæði E24a og E33 munu ekki nýtast í framtíðinni

þar sem ekki er talið öruggt að grafa frá rofivörn í vegfláa nema að undangengnu nánú samráði við Vegagerðina auk þess sem efnistökusvæðin verða ekki aðgengileg þegar aðgengi að þeim hefur verið lokað með vegriði meðfram vegi.

Afmarkað svæði til efnistöku úr áreyrum Eyjafjarðarár eru um 37 þús m², og er gert ráð fyrir að meðaltali 1,5-2 m djúpri efnistöku.

Tími efnistöku verður ákvarðaður í samráði við veiðifélag og fiskifræðing og veiðifélagi bætt mögulegt tjón vegna truflunar á veiðitíma.

Náma B – Munkaþverá við Eyjafjarðará

Náma E14 Munkaþverá við Eyjafjarðará er á áreyrum Munkaþverár og Eyjafjarðarár skammt ofan við brú yfir Eyjafjarðará.

Gert er ráð fyrir að taka um um 39 þús m³ af efni úr áreyrum í Eyjafjarðará neðan Munkaþverár. Efnistökusvæði er á ógrónum eða lítt grónum áreyrum.

Afmarkað svæði til efnistöku úr áreyrum Eyjafjarðarár ofan við brú eru um 19 þús m², og er gert ráð fyrir að meðaltali 1,5-2 m djúpri efnistöku.

Tími efnistöku verður ákvarðaður í samráði við veiðifélag og fiskifræðing og veiðifélagi bætt mögulegt tjón vegna truflunar á veiðitíma.

Náma C – Munkaþverá

Náma E12 Munkaþverá er á áreyrum Munkaþverár.

Gert er ráð fyrir að taka um 25.500 m³, af efni úr opinni námu við Munkaþverá til burðarlags og styrktarlags. Efnistökusvæði er á ógrónum eða lítt grónum áreyrum.

Núverandi námuvegur frá Miðbraut verður nýttur.

Náma D eða E - Klapparskering við Reykhús eða Hvammsnáma

Gert er ráð fyrir 25.000 m³ efnistöku á sprengdu klapparefni til rofvarnar í klapparskeringu við Reykhús eða í Hvammsnámu. Hvammsnáma er þegar á skipulagi en klapparskeringu við Reykhús er bætt við í breytingartillögu aðalskipulags sem nú er í vinnslu.

Klapparskering við Reykhús er útvíkkuð klapparskering sem varð til við byggingu núverandi Eyjafjarðarbrautar. Líklega þarf að gera ráð fyrir vegriði á Kristnesveg ef af efnistökunni verður. Flutningsvegalengd frá námu að framkvæmdasvæði er um 3 km.

Einnig er mögulegt að nýta Hvammsnámu sem er á gildandi skipulagi en nú er unnið að opnun hennar í tengslum við aðrar framkvæmdir. Flutningsvegalengd frá Hvammsnámu að framkvæmdasvæði er um 7 km.

Við útboð framkvæmdarinnar verður verktaka falið að útvega efni til rofvarnar og eru ofangreindir tveir kostir mögulegir. Verktaka verður falið að afla tilskilinna leyfa til efnistökkunnar.

Almennt

Fornleifar voru kannaðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en engra fornleifa er að vænta í farvegi Eyjafjarðarár sem reglulega flæðir yfir. Náma C er opin og í fullum rekstri en fornleifar hafa ekki verið skráðar sérstaklega fyrir klapparskeringu við Reykhús og

fyrir Hvammsnámu en Hvammsnáma er í rekstri verktaka. Verktaka verkframkvæmdarinnar verður falið að útvega tilskilinna leyfa fyrir efnistöku í námu D eða E í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Efnistaka og frágangur náma mun fara fram í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar og landeigendur.


3.2.3. Ræsi

Ræsi verða staðsett til þess að tryggja afvötnun svæðis á milli nýs vegar og byggðar. Einnig verður Reyká leidd í 2 ræsi, með þvermál 2,2m og 2,0m, undir nýjan veg. Ræsið verður að hluta niðurgrafið og mun ekki mynda hindrun í farvegi.

3.3. Frágangur

3.3.1. Núverandi vegur

Núverandi Eyjafjarðarbraut vestri mun að stærstum hluta þjóna áfram sem innanbæjargata í þéttbýli Hrafnagilshverfis. Þegar nýr vegur verður tekinn í notkun verða hlutar núverandi vegar sem verða aflagðir jafnaðir við jörðu og afmáðir að mestu. Þetta á við um 250m langan kafla nyrst í hverfinu. Sunnan Miðbrautar verður núverandi Eyjafjarðarbraut að stærstum hluta skilað til landeiganda og honum gefið frjálst að nýta áfram sem innantúnsslóða eða til efnistöku til eigin nota. 520m kafla syðst mun nýtast áfram sem heimreið að Hrafnagilsjörð og Hranastöðum.



Núverandi Miðbraut vestan nýrrar Eyjafjarðarbrautar verður aftengd þjóðvegakerfinu og skilað til landeiganda með kvöð um nýtingu efnis úr honum til uppbyggingar göngu- og hjóltreiddastígs nær árbakka Reykár.

3.3.2. Röskuð svæði

Vanda þarf allan frágang þeirra svæða sem raskað verður vegna framkvæmdarinnar. Frágangur mun fara fram eftir verklagsreglum Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma.

Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Skeringar verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Frágangi á vegskeringum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis. Brúnir efnistökusvæða og skeringa verða aðlagðar að landinu í kring. Við frágang verður þess gætt að ekki myndist vatnsuppistöður í skeringum.

Allur frágangur verður unninn í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar og landeigendur.

Ef lífrænn jarðvegur finnst í yfirborði skeringa verður honum ýtt til hliðar áður en efnistaka hefst og hann geymdur til síðari nota. Í lok framkvæmda verður mannvirkið aðlagð landinu umhverfis og lífrænum jarðvegi jafnað yfir.

Til þess að forðast að brjóta upp landslagsheildir verður almennt ekki ráðist í uppgræðslu á skeringum ef landið í kring er ógróið eða þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða.

3.4. Vinnubúðir og aðstaða verktaka

Ekki er fyrirskrifað sérstakt svæði fyrir vinnubúðir eða aðstöðu verktaka. Framkvæmdasvæðið er á deiliskipulögðu svæði við þéttbýli og í stuttri fjarlægð frá Akureyri. Verktaka verður því falið að útvega sér aðstöðu sem samræmist gildandi skipulagi.

Ef verktaki ákveður að setja upp vinnubúðir verður verktaka falið að gera það með heimild Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og sveitarfélags. Í útboðsgögnum verður krafist að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5. Mannaflapörf

Vegna umfangs verksins má reikna með að nokkur fjöldi starfa skapist á framkvæmdatíma. Reikna má með um 20 störfum í um 6-9 mánuði vegna vegavinnu.

3.6. Framkvæmdatími og kostnaður

Áætlað er að hefja byggingu við fyrirhugaða framkvæmd árið 2021 þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir. Stefnt er að því að hægt verði að taka mannvirkið í notkun haustið 2022.

Heildarkostnaður vegna byggingu fyrri áfanga Eyjafjarðarbrautar vestri ástamt nauðsynlegum tengingum er 525 milljónir kr.

3.7. Rekstur

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins sem felst m.a. í viðhaldi og þar með talið snjómokstri. Þegar umferð hefur verið hleypt á veginn hefur reksturinn

áhrif á öryggi samgangna. Rekstrarkostnaður Vegagerðarinnar er m.a. háður vegalengd, umferð og vetraraðstæðum á vegi.

Veturinn 2020-2021 er vetrarþjónusta alla daga á Eyjafjarðarbraut vestri um Hrafnagil. Miðað er við að vegurinn sé opinn frá kl. 7:00-22:00 á virkum dögum og 7:30-22:00 um helgar.

Ekki er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á rekstri vegarins eftir að framkvæmdum lýkur. Viðhald og rekstur á nýjum vegi mun fylgja þeim viðmiðunar- og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokkum, umferð o.þ.h. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (samgönguráðherra) ákvarðar snjómokstursreglur.

4. Umhverfis- og framkvæmdaþættir

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1. Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1. Vegagerð

Helstu áhrif við byggingu vegar felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi. Einnig verða breytingar á því landsvæði sem fer undir veg og farvegi Eyjafjarðarár.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hættu á mengunarslysum, hávaða, ryk- og útblástursmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Á rekstrartíma geta bættar samgöngur haft margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu,

4.1.2. Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi náma að efnistöku lokinni. Efnistökustaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vegar þarf efni í klæðingu, styrktarlag, burðarlag, fyllingar, fláafleyga og grjótvörn. Efnistaka á landi í klæðingu, burðarlag, styrktarlag og grjótvörn hefur áhrif á landslag og gróður í stöku tilfellum. Efnistaka úr árfarvegi getur haft tímabundin áhrif á lífríki og landslag. Ekki er gert ráð fyrir efnistöku í Eyjafjarðará við Hrafnagilshverfi á næstu árum enda verður aðgengi til þess takmarkað. Samkvæmt fiskifræðingi er mælt með að ekki verði tekið efni á þessu svæði í 3 ár að framkvæmdum loknum. Efnistökuáform eru unnin í samráði við fiskifræðing og veiðifélag Eyjafjarðarár.

Efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár er á svæði þar sem straumur er mjög lítill. Svæðið er ekki þekkt sem veiðistaður, búsvæði seiða né fer þar hrygning fram. Efnistaka mun því hafa hverfandi áhrif á fisk í ánni. Gruggmyndun á meðan á framkvæmdum stendur getur þó haft tímabundin áhrif.

Fyrirhuguð efnistaka er umfangsmeiri en kvaðir í skipulagi sveitarfélagsins gera ráð fyrir. Að mati fiskifræðings ef efnistaka þó að mestu innan þeirra marka sem gert er ráð fyrir að undanskyldu efnismagni. Leggur fiskifræðingur til að leyfð verði efnistaka allt að 100.000 m³ á einu ári gegn því að ekki verði tekið efni á þessum stað í 3 ár til að svæðið nái að jafna sit.

4.2. Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt sé að fyrirhuguð framkvæmd hafi veruleg áhrif á umhverfið. Þeir umhverfisþættir sem framkvæmdin getur haft áhrif á eru:

- landnotkun
- landslag
- jarðmyndanir
- náttúruvá

- vatnafar
- gróðurfur og fuglar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur um land sem áður hefur verið raskað með mannvirkjagerð. Vegagerðin telur að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg.

5. Möguleg umhverfisáhrif

5.1. Landnotkun

Eyjafjarðarbraut vestri liggur um land Kropps, Grísarár, Hrafnagilslands og Hrafnagilsjarðar (teikningar 2-3). Námur eru í árfarvegi Eyjafjarðarár í landi Kropps, Grísarár, Hrafnagilslands og Munkaþverár. Einnig eru námur í landi Munkaþverár og Reykhúsa eða Hvamms. Stór hluti náma hafa verið nýttar áður og veglínan fer um land sem þegar hefur verið raskað.

Samkvæmt Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 er fyrirhugað framkvæmdasvæði á landbúnaðarsvæði og svæði fyrir ár og vötn (mynd 1 og 2).

Reiðleið er skipulögð vestan nýs vegar og göngu- og hjólaleið er skipulögð yfir nýjan veg við Miðbraut.

Háspennustrengir Rarik, ljósleiðari Tengis og fjarskiptastrengur Mílu liggja meðfram Miðbraut þar sem nýr vegur mun þvera. Auk þess liggur háspennustrengur Rarik sunnan Miðbrautar um land Hrafnagilsjarðar þar sem nýr vegur mun liggja. Ljósleiðari Tengis liggur auk þess hægra megin meðfram vegi í byrjun kaflans og um land Hrafnagilsjarðar þar sem nýr vegur mun liggja.

Veglína liggur að hluta til um túnrækt í landi Hrafnagils

Samráð við landeigendur er í ferli auk samráðs við sveitarfélag.

Áhrif á landnotkun

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um. Tún munu að einhverju leiti skerðast en veglína hefur verið færð til að lágmarka áhrif skerðingar. Samráð verður haft við Rarik, Mílu og Tengi um framkvæmdir til þess að hlýfa núverandi strengjum og búa varanlega um þá þar sem strengir og vegur þvera.

5.2. Landslag

Vegurinn mun liggja eftir sléttu landi og núverandi sem og fornum eyrum Eyjafjarðarár. Tún hafa verið ræktuð upp á hluta af fornu eyrunum sem veglínan fer um. Þéttbýli Hrafnagilshverfis, sem er í hraðri uppbyggingu, umlykur vegkaflann að vestanverðu og farvegur Eyjafjarðarár að austanverðu. Gott útsýni er til fjalla beggja vegna vegar auk útsýnis norður og suður flatlendi Eyjafjarðar. Næsta umhverfi vegar hefur þegar verið raskað.

Áhrif á landslag

Að framkvæmdum loknum hefur landslagsmyndin breyst lítilsháttar þar sem nýr vegur mun að hluta móta varanlegan árbakka Eyjafjarðarár, varinn með grjótvörn.

Ný vegur mun vera áberandi fyrir vegfarendur sem koma vestur Miðbraut. Til að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst hefur veglínan verið hönnuð þannig að þau falli sem best að landslagi og náttúrulegum farvegi Eyjafjarðarár.

Gengið verður þannig frá vegsvæði að framkvæmdum loknum að vegur falli vel að landi. Einnig verður gengið frá námusvæðum í samræmi við landslagið.

Vegagerðin telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði óveruleg.

5.3. Jarðmyndanir og vatnafar

Berggrunnur í Eyjafirði er frá ár-plósen og síð-míósen, eða um 3,3-8,5 milljón ára. Neðri hluti fjallshlíða eru víðast huldur jökulruðningi frá lokum síðasta jökulskeiðs, en dalsbotninn framburði áa. Veglínar kemur til með að liggja alfarið á framburði Eyjafjarðarár. Núverandi eyrar árinna samanstanda að mestu úr sandi. Flatarmál eyranna úti í ánni er breytilegt milli ára og sveiflast með vatnshæð árinna. Torfur liggja hér og þar yfirborði og má gera ráð fyrir að þær komi einnig fyrir í eyrunum.

Í leysingum, rigningum og/eða bleytutíð getur Eyjafjarðará vaxið verulega, sem og aðrir lækir á svæðinu. Hæð grjótnar er ætlað að taka við sveiflum í vatnshæð Eyjafjarðarár og verja þar með veg og byggð handan vegar.

Áhrif á jarðmyndanir og vatnafar

Við framkvæmdina verða áhrif á jarðmyndanir og vatnafar. Annars vegar vegna rasks við vegagerð og hins vegar vegna efnistöku úr námum.

Að teknu tilliti til þess rasks sem nú þegar hefur orðið á svæðinu, þá telur Vegagerðin að áhrif á jarðmyndanir við vegagerð verði óveruleg.

Efnistaka fer fram í áreyrum Eyjafjarðarár en áin endurnýjar efnistökusvæðin stöðugt með framburði sínum. Efnistaka til styrktar- og burðarlags fer fram úr námum á landi sem eru þegar í rekstri. Efnistaka klapparefnis til grjótnar mun helst hafa áhrif á jarðmyndanir, en klapparskering við Reykhús er þegar röskuð og er um að ræða stækkun á þeirri skeringu, en klapparnám við Hvamm er náma sem verið er að hefja rekstur í tengt öðrum framkvæmdum.

Farvegur Eyjafjarðarár þrengist lítillega með vegi. Virkur farvegur árinna er þó í dag mun minni og þrengir nýr vegur sáralítið að honum. Á móti kemur að áreyrar meðfram nýjum vegi verða nýttar til efnistöku og rýmkar um farveg þar á móti.

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir.

Vegagerðin sem og efnistakan eru einnig talin hafa óveruleg áhrif á vatnafar.

5.4. Gróðurfar

Ný veglína mun að hluta fara um ógrónar sandeyrar og að hluta um ræktuð tún á fornum sandeyrum.

Samkvæmt kortavefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>) mun vegurinn liggja um eyrar, mela- og sandlendi ásamt túnunum.


Áhrif á gróðurfar

Samtals er um 3,1 km langa vegagerð að ræða auk 0,5 km tenginga. Þar af er áætlað að um helmingur fari um ræktuð tún og helmingur um ógrónar eða hálfgrónar sandeyrar.

Þar sem svæðinu hefur að mestu áður verið raskað með efnistöku, slóðum, túnræktun og að um stuttan framkvæmdakafli er að ræða, telur Vegagerðin að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á gróður á framkvæmdasvæðinu.

Mynd 11 Vistgerðarkort

(Náttúrufræðistofnun Íslands, kortasjá <https://vistgerdakort.ni.is/>)



5.5. Dýralíf

Ekki hefur verið kannað hvort sjaldgæfa fugla er að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Við vettvangsskoðun mátti sjá töluvert af gæsnum á áreyrum Eyjafjarðarar. Gæsir sækja í sandeyrar víða í Eyjafjarðará, bæði ofan og neðan framkvæmdasvæðis.

Mikið af rannsóknum liggur fyrir um lífríki Eyjafjarðarar enda þykir áin góð veiðiá. Hefur áin meðal annars verið könnuð með efnistöku í huga. Fiskifræðingur skoðaði möguleg áhrif efnistöku vegna framkvæmdanna, sjá viðhengi 1.

Áhrif á dýralíf

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Gert er ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnalíf í Eyjafjarðará. Efnistökusvæði eru ekki á neinn hátt talin mikilvæg laxfiskum. Við efnistöku úr námum í áreyrum, verður þess gætt að raska ekki virkum farvegum árinna og efnistaka unnin samkvæmt ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar um efnistöku og frágang náma í áreyrum. Leyfi verður fengið hjá Fiskistofu áður en efnistaka hefst.

5.6. Menningarminjar

Vegagerðin fékk Fornleifafræðing til að skrá fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði; vegsvæði og námum (nema klapparnámum). Skráningin fór fram í september 2020 og er niðurstaða þeirrar skráningar birt í greinargerð (fylgiskjal 5),

Í skýrslu fornleifafræðings fram að engar fornleifar hafi fundist innan úttektarsvæðis vegafamkvæmda.

Áhrif á fornminjar

Enga áhrifa á fornminjar er að vænta vegna framkvæmdarinnar.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjavörð Suðurlands varðandi aðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

5.7. Veður og náttúruvæ

Veður í Eyjafjarðarsveit er að jafnaði milt. Vegagerðin hefur skráð varasama staði á vegakerfinu m.t.t. sandfoks og vindhviða. Enginn slíkur staður er innan framkvæmdasvæðisins.

Svæði undir náttúruvæ eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum. Eftirfarandi náttúruhamfarir hafa verið flokkaðar undir hugtakið náttúruvæ; hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jöklum, flóð í ám, skriðuföll, flóð frá sjó, snjóflóð, hafískoma og lagnaðarís og fárviðri.

Í aðalskipulagsgreinargerð segir í kafla 9.4 Svæði undir náttúruvæ (NV):

„Flóðslétta Eyjafjarðar er langstærsta flóðasvæði Eyjafjarðar. Flóðslétta Eyjafjarðar nær með litlum halla allt að 17 km inn í Eyjafjarðarsveit, frá óshólmum árinna inn að Grund. Flóðahætta er á allri þessari sléttu, en ofar tekur við eldri framburðarslétta, Melgerðismelar. Þar ofan við hafa einnig orðið flóð í Eyjafjarðará. Flóðahætta veldur því að gæta verður aðhalds í uppbyggingu í Hrafnagilshverfi næst ánni. Að líkindum þurfa að koma til einhverjar flóðavarnir á svæðinu frá Miðbraut norður með ánni, þar sem íþróttavöllur og tjaldsvæði eru. Íbúðarbyggð þar norðan við þarf að takmarkast við ákveðna lágmarksfjarlægð frá Eyjafjarðará og gera verður ráð fyrir að hækka þurfi land þar sem byggt verður. Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir nýjum vegi frá Kroppi að Miðbraut, sem mun verða byggður út í Eyjafjarðará með fyllingum.“

Áhrif á veður og náttúruvæ

Framkvæmdin miðar að því að auka öryggi vegfarenda og íbúa á svæðinu. Hönnun vegar tekur mið af flóðahættu Eyjafjarðar og mun samhliða þjóna sem flóðvörn fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á veður en mjög jákvæð áhrif m.t.t. náttúruvæ á svæðinu.

6. Mótvægisaðgerðir

Að loknum framkvæmdum verður nýr vegur neðan Hrafnagilshverfis stofnvegur og bráðabirgðavegur sunnan Miðbrautar tengivegur á vegaskrá.

Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist við fyrirfram skilgreint framkvæmdasvæði. Nýr vegur verður hannaður þannig að mannvirkid falli sem best að landslagi og öðrum þegar byggðum mannvirkjum í nágrenni vegarins. Reynt verður að skerða gróð land sem minnst á þeim kafla sem framkvæmdin fer um ræktað land. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði, námuvegi og námur. M.a. verður allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að námum.

Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins. Samráð verður haft við landeigendur varðandi það land sem raskast og það bætt á viðeigandi hátt.

Þar sem girðingum verður raskað verða þær endurbættar.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir.

Röskuð svæði verða jöfnuð og frágengin í samráði við eftirlitsmann Veggerðarinnar og landeigendur. Á grónum svæðum verður lífrænt efni nýtt við frágang eins og kostur er. Reynt verður að ganga vel frá jöðrum framkvæmdasvæða og laga þau sem best að aðliggjandi landi til að gera sárin í landinu sem minnst áberandi.

Núverandi vegtengingar verða aðlagaðar að nýjum og endurbyggðum vegi.

Að framkvæmdum loknum verður reynt að gera ummerki vega sem verða aflagðir eins lítið áberandi og kostur er.

Samið verður við veiðifélag Eyjafjarðarár um viðeigandi bætur vegna truflunar af völdum vinnutækja á framkvæmdatíma.

6.1. Samráðsaðilar

Samráð verður haft við eftirtalda aðila:

- **Skipulagsstofnun**, varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar
- **Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra**, varðandi leyfi til atvinnureksturs sem getur valdið mengun
- **Minjastofnun Íslands**, vegna fornleifa á svæðinu.
- **Fiskistofu**, vegna framkvæmdaleyfis til efnistöku úr áreyrum.
- **Rarik**, vegna framkvæmda í grennd við jarðstreng.
- **Mílu ehf**, vegna framkvæmda í grennd við fjarskiptalagnir á svæðinu.
- **Tengir**, vegna framkvæmda í grennd við ljósleiðara.
- **Sveitarstjórn Eyjafjarðarsviatar**, varðandi framkvæmdaleyfi.
- **Landeigendur** um framkvæmdir, framkvæmdatíma, kaup á landi undir nýjan veg og frágang á svæðinu.
- **Veiðifélag Eyjafjarðarár**, vegna framkvæmda í og við Eyjafjarðará og möguleg áhrif á veiði og sölu veiðileyfa.

7. Niðurstaða

- Við framkvæmdina verður byggður nýr tvíbreiður vegur fyrir neðan þéttbýli Hrafnagilshverfis, meðfram árbakka Eyjafjarðarár. Einnig verða endurbyggðar nauðsynlegar tengingar við þéttbýlið og að bylum sunnan Hrafnagilshverfis auk bráðarbirgðartengingar nýbyggingar og núverandi vegar.

Framkvæmdin er samtals um 3,1 km löng auk 0,5 km tenginga.

- Gert er ráð fyrir að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg. Landslagsmyndin breytist lítilsháttar með nýjum vegi á árbakka Eyjafjarðarár, sem þjónar sem flóðvörn fyrir þéttbýlið í senn. Við hönnun vega er lögð áhersla á að mannvirki falli vel að landi.
- Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar þar sem um er að ræða nýjan tveggja akreina veg styttri en 10 km í þéttbýli, en þrátt fyrir að veglagningin felist í að færa veginn út fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis þá er Eyjafjarðará takmarkandi í möguleikum á færslu og þéttbýlið er skilgreint að árbakka árinna.
- Fornleifar á svæðinu hafa verið skráðar og fundust engar fornleifar innan svæðisins.
- Á svæðinu hafa farið fram jarðtæknirannsóknir sem gerð er grein fyrir í fylgiskjali 4.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmda-tíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum, gífurlega bættu umferðaröryggi innan núv. þéttbýlis og flóðvörn fyrir byggð vestan nýs vegar.
- Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður mótvægisáðgerðum beitt og haft samráð við ýmsa aðila.

9. Teikningar

Teikning 1. Vegagerðin, (2021):	Teikning B-01 Yfirlitsmynd, mkv. 1:10.000
Teikning 2. Vegagerðin, (2021):	Teikning D-01 Grunnmynd, mkv. 1:4.000
Teikning 3. Vegagerðin, (2021):	Teikning D-02 Grunnmynd, mkv. 1:4.000
Teikning 4. Vegagerðin, (2021):	Teikning X-01 Námur yfirlitsmynd, mkv. 1:25.000